

Fimmtudaginn 13. febrúar 1992.

Nr. 470/1991. **Jóhanna Tryggvadóttir persónulega og  
f.h. sjálfseignarstofnunarinnar  
Heilsuræktarinnar Glæsibæ**

gegn

**Porkatli Skúlasyni f.h. einkafirma hans,  
Endurskoðunarskrifstofu  
Porkels Skúlasonar,  
og gagnsök.**

Frestur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 14. sama mánaðar. Gagnáfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1991. Áfrýjað er dómi bæjarþings Kópavogs 15. mars 1991. Áfrýjunarstefnur í aðalsök og gagnsök voru þingfestar í Hæstarétti 8. janúar 1992, og voru málin þá sameinuð og frestað til 3. febrúar 1992. Er málið var tekið fyrir þann dag, óskaði aðaláfrýjandi eftir fresti til maí 1992. Þá krafðist hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda.

Af hálfu gagnáfrýjanda hefur frestsbeiðninni verið mótmælt og þess krafist, að málinu verði frestað til 2. mars 1992.

Mótmæli sín byggir gagnáfrýjandi á því, að lengri frestur sé ónaðsynlegur. Hann hafi lýst því yfir við þingfestingu málsins, að hann myndi sjá um gerð ágríps í málinu, og muni hann leggja það fram ásamt dómsgerðum og greinargerð 2. mars n.k., og verði málið þá tilbúið til flutnings af sinni hálfu.

Í greinargerð aðaláfrýjanda kemur fram, að honum sé nauðsynlegt að fá frest til maímánaðar til að afla frekari gagna í málinu.

Aðaláfrýjandi hefur fengið eins mánaðar frest í málinu frá þingfestingu þess. Með hliðsjón af 41. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands er rétt að veita honum frest til reglulegs þingdags 4. maí 1992.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er frestað til reglulegs þingdags 4. maí 1992.